

# Skýrsla ritstjóra Tölvumála fyrir árið 2010

---

Fundarstjóri, virðulega samkoma.

Störf ritnefndar gengu ágætlega á síðasta ári, en nefndin hélt 9 vinnufundi og gaf út eitt tölublað af Tölvumálum sem var helgað öryggi upplýsinga. Voru viðtökur mjög góðar og vil ég nota tækifærið og þakka þeim sem skrifuðu greinar í blaðið.

Undirritaður hefur setið í ritnefnd í 8 ár, þar af verið ritstjóri í 4 ár og finnst tími til að hleypa öðrum að. Ég mun því hætta í ritnefndinni, en verð nýjum ritstjóra til halds og trausts fyrst um sinn.

Aðrir í ritnefnd á sl. ári voru Ásrún Matthíasdóttir, Ágúst Valgeirsson, Brynjar Smári Bjarnason og Helga Jóhanna Oddsdóttir. Vil ég þakka þeim öllum gott framlag til blaðsins.

Talsverður áhugi hefur verið á því að skrifa í blaðið og góð viðbrögð lesenda sýna að mikil þörf er fyrir tímarit af þessu tagi. Gæði innsendra greina eru þó misjöfn og er stór hluti af störfum ritnefndar að leiðréttá málfar og framsetningu greina. Sumum greinum hefur því miður þurft að hafna alfarið vegna lélegra gæða eða hlutdrægni. Er full ástæða til að brýna fyrir greinarhöfundum að vanda skrifin og vera málefnalegir.

Ritnefndin hefur lagt áherslu á að gefa út vandað blað einu sinni til tvisvar á ári og því lítið getað sinnt öðrum tengdum verkefnum. Útgáfan hefur verið með fremur hefðbundnum hætti og lítlar undirtektir voru undir tvær nýjungar sem boðið var upp á síðustu árin, annars vegar sérstakan flokk ritrýndra greina og hins vegar birtingu greina úr Tölvumálum í evrópska tímaritinu Upgrade. Blaðið þarf þó að vera í stöðugri þróun eins og annað starf félagsins og kemur það í hlut nýs ritstjóra að leita nýrra leiða til þess.

Skýrslutæknifélag Íslands er afar öflugt og nauðsynlegt félag í íslensku samfélagi og Tölvumál mikilvægur hluti þess, en um er að ræða eina óháða fagtímaritið um upplýsingatækni hér á landi. Sérstaða Tölvumála felst í því að vera málefnalegur vettvangur umræðu um upplýsingatækni. Hvergi má þó slaka á til að halda þessari ímynd á lofti, og skora ég því á félagsmenn að taka þátt í störfum ritnefndar, halda áfram að skrifa frambærilegar greinar í blaðið og aðstoða við fjárlögun til útgáfunnar.

Að lokum vil ég þakka fyrir mjög gefandi starf þessi 8 ár sem ég hef setið í ritnefndinni og óska hér með nýjum ritstjóra velfarnaðar.

Þorvarður Kári Ólafsson